




Gildandi skipulag

Mkv.: 1:10.000



Breytt skipulag



Breyting - breytt mörk iðnaðarsvæðis I-5 í Flóahverfi

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að Aðalskipulagi Akraness 2005- 2017 2017 verði breytt á eftirfarandi hátt:

Forsendur:

Unnið er að endurskoðun á deiliskipulagi A-hluta iðnaðar- og athafnasvæðis í Flóahverfi, sem upphaflega var samþykkt 23.10.2007. Skilgreindir verða ítarlegri deiliskipulagsskilmálar um allt hverfið en nú eru í gildi. Tilfni endurskoðunar A-hluta hverfisins er að bæta landnýtingu svæðisins með möguleikum á stórum og vel löguðum iðnaðar- og athafnalóðum. Deiliskipulag B-hluta Flóahverfis var endurskoðað 2019 og var aðalskipulagi þá breytt til samræmis við stækkun hverfisins. Tilgangur með endurskoðun skipulagsskilmála hverfisins alls er að stuðla að þróun vistvænna iðngarða.

Í drögum að endurskoðuðu skipulagi A-hluta Flóahverfis er gert ráð fyrir einföldun á gatnakerfi og útlinum lóða þannig að lóðir nýtist betur. Í stað hringleiðar með lóðamörkum sem geisla út frá miðju verður gert ráð fyrir hornréttum lóðamörkum nema á jaðri hverfisins en þar verða núverandi skálinur lagaðar að breytingunni.

Deiliskipulagssvæði A-hluta Flóahverfis, þ.e. iðnaðarsvæðis I-5, er 0,7 ha stærra að flatarmáli en landnotkunarreitir aðalskipulagsins. A-hlutinn er 17,2 ha en er skráður 16,5 ha í aðalskipulaginu frá 2005. Suðausturmörk eru einfölduð, norðvesturmörk færð nær þjóðvegi í samræmi við gildandi deiliskipulag og fjarlægð að iðnaðarsvæði I 4 er aukin en það svæði getur orðið hluti blágrænna ofanvatnslausna í hverfinu. Breyttur landnotkunarreitir I 5 verður 16,9 ha.

Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar. Breyting er gerð á flatarmáli og ákvæðum í töflu í kafla 3.3.8 Iðnaðarsvæði.

Gildandi skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
15	16,5	Nýtt iðnaðarsvæði	Óbyggt, óskipulagt	Iðnaðarsvæði. Vinna skal deiliskipulag svæðisins. N: 0,5

Breytt skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
15	16,9	Nýtt iðnaðarsvæði	Óbyggt, skipulag í gildi.	Iðnaðarsvæði. Stefnir að þróun vistvænna iðngarða. Nýtingarhlutfall ákvarðað í deiliskipulagi.

Breytingar á skipulagsupprætti

Breytingin felst í eftirtöldum atriðum:

- Mörkum iðnaðarsvæðis I-5 er breytt.
- Gróðurbeltum umhverfis svæðið er breytt til samræmis.
- Stofnstíg er breytt til samræmis við gildandi deiliskipulag og liggur eftir miðju hverfisins.
- Dælustöð fráveitu merkt (I 14) við suðvesturhorn Flóahverfis til samræmis við breytt deiliskipulag (júlí 2021).

Ahrifamat

Skipulagsbreytingin er ekki háð lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 þar sem í henni er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000. Á iðnaðarsvæðum kunna að koma fram áætlanir um starfsemi sem falla undir ákvæði laganna og eru slík mál óháð aðalskipulagsbreytingu þessari.

Breytingin felur ekki í sér breytta landnotkun. Einungis er um að ræða breytt mörk landnotkunarreits, að hluta til samræmis við gildandi deiliskipulag frá 2007 en að öðru leyti til samræmis við tillögu að breyttu deiliskipulagi. Breytingin varðar hvorki sérstæðar náttúruvinnur né sérstök vistkerfi sem njóta eiga sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Í aðalskrá fornleifa, sem unnin var á árunum 1997-1999 er enginn minjastaður skráður á skipulagssvæðinu eða nálægt því.

Bæjarstjórn telur breytinguna óverulega sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- Mörk skipulagssvæðis
- ib Ibúðarsvæði
- ib B Ibúðarsvæði, blönduð byggð
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- O Óbyggt svæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Sorpforgunarsvæði
- Hv Hverfisverndarsvæði
- N Náttúruverndarsvæði
- Landfylling
- R Fornminjar
- Merking landnotkunarreita
- Blönduð landnotkun
- Skipulagi frestað
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Stofnstigur innan byggðar
- Megin útivistarstigur
- Megin útivistarstigur og reiðleið
- Reiðleið
- Flutningslinur rafveitukerfis
- Flutningslinur rafveitukerfis Jarðstöng
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann _____

_____ bæjarstjórinn á Akranesi

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann _____

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____

27.9.2021

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**

GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí